

Sp.

738. Svar

[358. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Davíðs Aðalsteinssonar um markaðsöflun fyrir íslenskar búvörur.

1. Markaðsöflun erlendis fyrir íslenskar búvörur.

Ráðuneytið ætlast til þess að þau fyrirtæki, sem annast dreifingu og sölu búvara á erlendum mörkuðum, haldi uppi kynningu og auglýsingastarfi og leiti nýrra markaða svo sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

Ráðuneytið hefur auk þess leitast við að efla þetta starf með endurskipan markaðsnefndar landbúnaðarins og ráðningu starfsmanns til nefndarinnar.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af landbúnaðarráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, búvörudeild SÍS, Osta- og smjöröslunni, Sláturfélagi Suðurlands og Búnaðarfélagi Íslands.

2. Markaður fyrir íslenskar búvörur á Grænlandi.

Starfsmaður markaðsnefndar var á Grænlandi í febrúar s.l. vegna sýningarinnar „Íslenskir dagar í Nuuk“. Þá var samkvæmt ósk ráðuneytisins gerð könnun á hugsanlegri sölu landbúnaðarafurða til Grænlands. Kannaðar voru markaðsaðstæður, verð, framboð, dreifing og sala ásamt neysluvenjum og kaupgetu.

Niðurstöður hafa verið kynntar söluaðilum og er að vænta viðbragða nú í apríl við tilraunasendingum. Þær vörur, sem líklegastar eru til að seljast, eru mjólk og mjólkurvörur, grænmeti og egg. Þær verður að flytja með flugi því að sjóflutningar eru háðir einkaleyfi K. N. I., Verslunar grænslensku heimastjórnarinnar, og verða, eins og málum er háttáð nú, að fara í gegnum Álaborg.

Mjólk — mjólkurvörur.

Gera má ráð fyrir að ná allt að 85% af grundvallarverði ef flutt er með flugi. Ef um beinar siglingar verður að ræða milli Íslands og Grænlands lækkar farmgjald á hvert kg úr 11 dönskum krónum í um 3 kr. á kg miðað við flug. Siglingartími er tveir og hálfur til þrjú sólarhringar. Hætt er við að affermingar verði ekki nógu órar til að reka föst viðskipti með ferskar vörur.

Grænmeti.

Mögulegt er að ná fullu verði en svör þar að lútandi eru væntanleg innan skamms.

Egg.

Áhugi á eggjakaupum er nokkur og verður reynt að fylgja honum eftir í gegnum tengsl þau er myndast við væntanlega mjólkursölu.

Kjöt — kjötvörur.

Hrátt kjöt er eitt af því fáa sem er tollað á Grænlandi jafnframt því sem það er niðurgreitt frá löndum Efnahagsbandalagsins. Líkur eru því mjög litlar á sölu á kjötvörum vegna óhagstæðs verðs.

Bent skal á að flutningar með flugi til Grænlands eru mjög takmarkaðir, eingöngu er um að ræða vörurými fyrir um 1,5 tonn á viku og þá til Nuuk. Til Angmagssalik er rýmið eingöngu fáið tugir kílógramma á viku.

Dreifingu milli staða innanlands verður ekki við komið, miðað við flutningamöguleika.

Hugsanleg markaðssvæði eru:

Nuuk (Godthaab) um 12 000 íbúar

Narssarssuaq-svæði um 6000 íbúar

Angmagssalik um 3000 íbúar.

Holstensborg, Jakobshavn og Sukkertoppen eru með 3000–5000 íbúa hvert, en það tekur eina til tvær klukkustundir að fljúga þangað frá Nuuk. Ljóst er því að þetta 53 000 manna land er mjög erfitt markaðssvæði.

Með svari þessu er birt sem fylgiskjal svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um sölu mjólkur til Grænlands.

Fylgiskjal.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um sölu mjólkur til Grænlands í sameinuðu þingi, 25. mars 1986.

„Herra forseti. Á s. l. sumri kom viðskiptaráðherra Grænlinga hingað til Íslands. Þá ræddi ég við hann um þá möguleika að koma mjólkurafurðum héðan á markað á Grænlandi, en samgöngum var þá þannig háttað að það var erfitt. Auk þess var þá Konunglega grænenska verslunin einráð um innflutning og allir flutningar urðu að fara í gegnum Alaborg í Danmörku. Breyting varð á því um síðustu áramót því að Grænlingar yfirtóku verslunina sjálfir og varð þá um leið viðhorfsbreyting. Síðan gerist það að teknar voru upp beinar flugsamgöngur milli Nuuk og Reykjavíkur fyrir skömmu og í tilefni þess var mér ásamt fleirum boðið að koma til Nuuk. Þá ræddi ég þessi mál og athugaði.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda kaupa Grænlingar frá Danmörku mestallar sínar mjólkurvörur geymsluþolnar og það á svo lágu verði að útilokað er fyrir okkur að keppa á þeim markaði. Hins vegar vilja einhverjir neytendur þar a.m.k. fá ferskar mjólkurvörur og hafa fengið þær með flugvélum frá Kanada í litlum mæli, en þá eru þær mjög dýrar. Hálfur lítri af mjólk kostar um það bil 17 kr. danskar út úr verslunum þar og peli af rjóma eitthvað svipað þannig að þar er um mjög hátt verð að ræða.

Þá er sá annmarki hvernig við eigum að koma mjólkinni til Grænlands án allt of mikils tilkostnaðar. Ég ræddi það við Grænlandsflug hvort mögulegt væri að koma henni með þeirra vélum. Þær hafa mjög lítið burðarþol þannig að það er vandamál með það og auk þess er flutningsgjald hátt. Hins vegar tóku þeir vel í að athuga þann möguleika hvort hægt væri að koma mjólk með ef ekki væri um annan flutning að ræða.

Hins vegar munu Flugleiðir taka upp flug til Suður-Grænlands, til Narssarssuaq, síðar á þessu ári og þá með stærri vélum með meira flugþol og þeir hafa einnig tekið mjög vel í að athuga möguleika á því að flytja mjólk fyrir okkur.

Hins vegar er augljóst að það er ekki um mikið magn að ræða sem kemst með flugvélum, öðruvísi getum við ekki flutt mjólkina út ferska, en hins vegar er sjálfsagt að nýta þá möguleika. Það var haldin sýning í Nuuk á íslenskum vörum og þá sérstaklega mjólkurvörum í tilefni heimsóknar okkar í síðasta mánuði og undirtektir t.d. við skyrið og fleiri vörur voru mjög góðar. Við ræddum við verslunarstjóra sem kvaðst vera reiðubúinn að taka á móti þessum vörum ef við gætum komið þeim til þeirra án allt of mikils tilkostnaðar þannig að verðið yrði nokkru lægra en er á kanadísku mjólkinni sem er svo hátt að það er tiltölulega lítil sala á henni.

Starfsmaður markaðsnefndar landbúnaðarins stóð fyrir þessari sýningu í Nuuk og hann heldur áfram að vinna að þessum málum. Það verður gert allt sem hægt er til að nýta þennan markað, en eins og ég segi er ekki hægt að gera sér vonir um að þarna verði um mikið magn að ræða.

Ég vil taka undir orð hv. fyrirspyrjanda um að vissulega hefðu sumir Íslendingar gott af því að drekka meiri mjólk. Þá hljótum við að hafa fyrst og fremst í huga börnin sem sum hver virðast vera hætt að drekka mjólk. En sem betur fer er verið að gera núna átak til að auka mjólkursölu, eins og alþm. má vera kunnugt, og sem betur fer virðist það þegar vera að bera nokkurn árangur og er það vissulega mikilvægt fyrir íslenska neytendur.“